Reglur fyrir hvernin semja skal Sóknatøblurnar yfir Fólksfjøldann.

1. Strax sem Fólkstølulistarnir eru komnir til Sóknarprestsins, skal hann adgiæta, þá svo náqvæmlega, sem verdur, og samanbera vid sitt sálnaregistur, til ad vera viss um, ad eckert býli og eckert heimili sé undanfelt, og ad fullt sé upptalid, samt ad þær heimtudu upplýsíngar séu, svo vídt hann getur umdæmt, náqvæmlega meddeildar. Finni hann nockud ábótavant þar vid, láti hann þad vidstødulaust umbæta.

2. Utaf fólkstølulistunum samantekur Sóknarpresturinn þarnæst summariskt, og án tilfærdra nafna, Fólksfjøldan í hverri hans Sókn fyrir sig, og innfærir í medfylgjandi prentadar tvær tøblur, No. 1 med tilliti aldurs, kynferdis, ektastands o. s. fr., og No. 2 med tilliti næríngarveganna; þetta er hægast gjørt med því, ad regla Rubriquer eptir hverri af þessum 2 tøblum á lausann pappír, og ad um leid og rakid er manntalid eptir fólkslistanum, sé jafnsnart vid hverja persónu gjørt í henni tilheyrandi Rubrique lítill punctur eda merki, hvered þegar summerud eru, vísa talid sem í Rubriquen á ad setjast. Ef nockur er, þegar semja skal tøbluna No. 2, í óvissu um, undir hvern flock sá vidkomandi skal færast, þá gjørist athugagrein vid undir hvern flock þessir, sem efi er um, ádur eru færdir. Ad allt standi heima, og ad eingin persóna sé undanfeld, sjest af því, ad heila summan svo vel af fólkstølulistunum, sem af hverri þeirra beggja tablna skal vera hin sama.

3. Þær svoleidis sømdu tvær summarisku tøblur fyrir hverja Sókn, og hvar landsbygdin er løgd undir Kaupstadarkirkju, þá og svo adskilid fyrir hana, skulu sídan ásamt med fólkstølulistunum, eptir hverjum þær eru samdar, tilsendast vidkomandi Sýslumanni.